



Fundur háskólaráðs 18. desember 2003

Fundargerð

Málsnúmer: HI03010012
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir
Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 17.12.2003
Dags: 18.12.2003

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Háskólaráð (600169-2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4000; 525 4300
Fax: 552 1331

21/2003

HÁSKÓLARÁDSFUNDUR

Ár 2003, fimmtudaginn 18. desember var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Mættir voru: Páll Skúlason, Þórður Harðarson, Ármann Höskuldsson, Þorsteinn Loftsson, Inga Jóna Þórðardóttir, Rögnvaldur Ólafsson, Hjalti Hugason, Stefán Svavarsson, Davíð Gunnarsson og María Guðmundsdóttir.

1. Til fróðleiks

- 1.1 Lagt fram yfirlit yfir störf dómnefnda á árinu 2003 og störf dómnefndar vegna akademískra nafnbóta.
- 1.2 Lögð fram drög samnings, dags. 11.12.2003, milli Norrænu ráðherra-nefndar-innar og Háskóla Íslands um sameiningu starfsemi Norrænu eldfjalla-stöðvar-innar og jarðvísindahluta Raunvísindastofnunar Háskólans í nýrri stofnun innan RH, Jarðvísindastofnun Háskólans.
- 1.3 Lögð fram áætlun um fundi háskólaráðs og viðburði á vormisseri 2004.
- 1.4 Útdráttur úr hvítbók um vísindarannsóknir á Norðurlöndum.
- 1.5 Áskorun til stjórnvalda frá Félagi prófessora og Félagi háskólakennara.

2. Erindi til háskólaráðs

- 2.1 Tillaga að skipun matsnefnda vegna árlegs mats á rannsóknum.
 - Samþykkt einróma að skipa Helga Tómasson, dósent, í stað Gylfa Magnússonar, dósent, og Þórarinn Sveinsson, dósent, í stað Stefáns B. Sigurðssonar prófessors. Að öðru leyti verði nefndin óbreytt frá fyrra ári.
- 2.2 Tillaga frá læknadeild að breytingum á reglum um inntökupróf í deildina.
 - Samþykkt einróma.
- 2.3 Lögð fram áfrýjun, dags. 15. desember 2003, á ákvörðunum lagadeildar Háskóla Íslands varðandi próftökurétt í kjörgreinum við lagadeild Háskóla Íslands.

3. Mál á auglýstri dagskrá

- 3.1 Fjármál Háskóla Íslands, framhald umræðu, sbr. síðasta fund.
 - a) Uppgjör fyrir árið 2003 og forsendur við skiptingu fjárveitingar ársins 2004.
 - b) Drög að nýjum kennslusamningi og nýjum rannsóknasamningi
 - c) Aðhaldsaðgerðir.

Rektor gerði grein fyrir framlögðum samningum milli menntamálaráðuneytis og Háskóla Íslands um kennslu og rannróknir. Í máli rektors kom m.a. fram að frá sjónarhóli Háskólans skipti tvennt höfuðmáli í rannsóknasamningnum: Í fyrsta

lagi er skilgreint með skýrum hætti til hvers samningsfjárhæðin er notuð, með hliðsjón af rannsóknahlutverki Háskólans. Í öðru lagi felur samningurinn í sér viðurkenningu á þeim aðferðum sem Háskólinn beitir til að mæla árangur kennara og sérfræðinga í rannsóknum. Málið var rætt og svaraði rektor fyrirspurnum.

Ingjaldur Hannibalsson, formaður fjármálanefndar háskólaráðs, gerði rækilega grein fyrir framlögðum tillögum nefndarinnar vegna uppgjors fyrir árið 2003 og skiptingar ársins 2004, ásamt fylgigögnum, dags. 18. 12. 2003.

Tillögur fjármálanefndar eru þessar:

a) Við uppgjör fyrir árið 2003:

1. Gert er ráð fyrir að gert verði upp við Háskóla Íslands fyrir 4950 virka nemendur. Í uppgjori fær Háskólinn 226 m.kr., en vegna þess að í upphafi árs var deilt út 87 m.kr. umfram fjárveitingu og skrásetningar-gjöld hafa hækkað lítillega umfram áætlun verði við uppgjör deilt út 160 m.kr.
2. Gerðar verði nokkrar breytingar deililíkans eins og lýst er nánar á minnisblaði fjármálanefndar.

b) Við skiptingu fjárveitingar fyrir árið 2004:

1. Miðað verði við 5200 virka nemendur og því fari ekki fram uppgjör í lok ársins 2004.
2. Aðeins ein breyting verði gerð á deililíkani: Félagsvísindadeild fái b-kassa fyrir kynjafræði.
3. Rektor, háskólaráð og nefndir, akademísk stjórnarsýsla, rekstur og framkvæmdir, rekstur fasteigna, Reiknistofnun, íþróttakennsla, þróunarverkefni, Aðstoðarmannasjóður og nýtt nemendaskrárkerfi fái sömu fjárveitingu og á árinu 2003. Verðlagsforsendur fjárlaga gera þó ráð fyrir 2,5% hækkun á milli ára og er almennt gerð tillaga um 2,5% hækkun sé annað ekki tekið fram.
4. Fjárveiting kynningardeildar verði hækkuð um 2,5 m.kr. vegna sérstakra verkefna á sviði kynningar- og markaðsmála.
5. 769,5 m.kr. verði veitt til rannsókna í deildum í stað 789 m.kr. á árinu 2003 og rannsóknalíkan verði eins og á árinu 2003, en nauðsynlegt er að skera það niður um 17,1%.
6. Á árinu 2003 var tekið tillit til styrkja og sértekna sem kennarar raunvísindadeildar með aðstöðu á Raunvísindastofnun öfluðu, með því að áætla að þær væru jafn háar og sértekjur deildarinnar sem fóru um bókhald Háskólans. Fjárveiting til rannsókna var síðan skert um 15 m.kr. vegna fjárhagslegs ávinnings vegna kennara sem hafa aðstöðu á Raunvísindastofnun. Nú liggja fyrir upplýsingar um það hverjar sértekjurnar og styrkirnir voru og er lagt til að þeim sé bætt við sértekjur og styrki skv. bókhaldi Háskólans. Jafnframt er lagt til að fjárveiting til rannsókna verði skert um 15,375 m.kr.
7. Liðir sem fjármagnaðir eru alfarið af rannsóknafjárveitingu fái 7,8% lægri fjárveitingu en á árinu 2003. Þetta á þó ekki við um liði þegar einungis er um að ræða framlag til launa einstakra starfsmanna. Í þeim tilvikum er lagt til að liðirnir hækki um 2,5%.
8. Ítrekuð er tillaga um að Upplýsingaþjónusta Háskólans verði lögð niður.
9. Ítrekuð er tillaga um að staða Rannsóknastofnunar í kvenna- og

kynjafræðum, Sjávarútvegsstofnunar, Umhverfisstofnunar, Síðfræði-stofnunar og Rannsóknastofnu um mannlegt atferli verði könnuð sérstaklega með það í huga að þær verði í framtíðinni innan deilda. Sérstaklega er brýnt að ákveða framtíð Sjávarútvegsstofnunar og Umhverfisstofnunar sem halda utan um þverfaglegt nám.

10. 10 m.kr. verði fluttar frá læknadeild til hjúkrunarfræðideildar og raunvísindadeildar vegna tveggja kennarastaða í lífeðlisfræði.
11. Í rannsóknafjárveitingu raunvísindadeildar verði 5 m.kr. vegna rannsókna á mjólk og mjólkurafurðum.
12. Í fjárveitingu heimspekideildar verði 2,9 m.kr. vegna lektors í sagnfræði.
13. Samkeppnissjóður verði áfram til þess að tryggja að deildir/skorir í samkeppni við skóla á háskólastigi sem innheimta skólagjöld fái ekki lægri fjárveitingu en reiknilíkan menntamálaráðuneytisins gefur þeim.
14. Liðurinn rannsóknaprófessorar verði lækkaður í 6 m.kr.
15. Liðurinn rannsóknamisseri fái 60 m.kr.
16. Sáttmálasjóður fái 40 m.kr.
17. Fjárveiting til Rannsóknasjóðs Háskólans verði ákveðin í tengslum við gerð rannsóknasamnings. Í ljósi þess að rannsóknasamningur tryggir 20 m.kr. í rannsóknasjóð Háskólans gerir fjármálanefnd tillögu um að 82,5 m.kr. fari í Rannsóknasjóð Háskólans upphæðin verði þannig óbreytt á milli ára.
18. Vegna erfiðrar fjárhagsstöðu flestra rekstrareininga Háskólans er lagt til að á árinu 2004 verði gætt mikils aðhalds í starfsmannamálum. Lagt er til að allar óskir um nýráðningar og hækkun starfshlutfalls verði lagðar fyrir fjármálanefnd háskólaráðs.

Tillögur fjármálanefndar voru ræddar ítarlega og svöruðu rektor og Ingjaldur framkomnum spurningum og athugasemdum. Að umræðu lokinni fór fram atkvæðagreiðsla, fyrst um tillögur nefndarinnar um uppgjör fyrir árið 2003, í heild sinni og síðan um tillögurnar um skiptingu fjárveitingar fyrir árið 2004, hverja fyrir sig.

- Tillögur fjármálanefndar um uppgjör fyrir árið 2003 samþykktar einróma.

Atkvæðagreiðslu um tillögur nefndarinnar um skiptingu fjárveitingar fyrir árið 2004 lyktaði svo:

1. Samþykkt einróma.
2. Samþykkt með 7 atkvæðum, en einn var á móti.
3. Samþykkt samhljóða.
4. Samþykkt samhljóða.
5. Samþykkt samhljóða.
6. Samþykkt einróma.
7. Samþykkt samhljóða.
8. Samþykkt með 9 atkvæðum gegn einu að fresta málinu til næsta fundar.
9. Samþykkt einróma að fela Rögnavaldi Ólafssyni og Hjalta Hugasyni að undirbúa afgreiðslu háskólaráðs á þessari tillögu.
10. Samþykkt einróma.
11. Samþykkt samhljóða.
12. Samþykkt samhljóða.
13. Samþykkt samhljóða með svohljóðandi bókun: „Deildarforsetum viðkomandi deilda verði gerð grein fyrir því að um bráðabirgðaaðgerð sé

að ræða sem ekki er trygging fyrir að haldið verði áfram á árinu 2005. Til að fá sem best yfirlit yfir nýtingu þessara fjármuna er óskað eftir að gerð verði grein fyrir henni í sérstakri skýrslu fyrir árið 2003 og árið 2004 þegar þar að kemur. Þá skal vakin athygli á því að allar deildir Háskólans eiga í alþjóðlegri samkeppni og sumar mjög harðri. Er líklegt að mæta þurfi henni með sértækum aðgerðum í framtíðinni.

14. Samþykkt samhljóða.
15. Samþykkt einróma.
16. Samþykkt einróma
17. Samþykkt samhljóða. Rektor gerði grein fyrir því að hann myndi beita sér fyrir framlagi til Rannsóknasjóðs af þróunarfé rektors. Framlagið verði einkum ætlað til að styrkja doktorsverkefni.
18. Samþykkt einróma.

Þá bar rektor tillögurnar í heild sinni undir atkvæði.

- Samþykktar einróma.

Þakkaði rektor Ingjaldi Hannibalssyni og fjármálanefnd fyrir mikið og gott starf.

Næst bar rektor fyrirbyggjandi samninga um kennslu og rannsóknir undir atkvæði.

- Samþykkt einróma að fela rektor að undirrita samningana f.h. Háskólans.

Að lokum var rætt framlagt minnisblað Hjalta Hugasonar, Rögnvaldar Ólafssonar, Stefáns Svavarssonar, Þórðar Harðarsonar og Þórðar Kristinssonar um aðhaldsaðgerðir í ljósi fjárlaga 2004.

- Samþykkt samhljóða að grípa til eftirfarandi aðhaldsaðgerða:

1. Ekki verði veittar neinar undanþágur frá skráningartímabili árlegrar skráningar 22.-26. mars 2004 og greiðslu skráningargjalds.
2. Ekki verði veittar neinar undanþágur til nýskráninga og greiðslu skráningargjalds eftir 4. júní (og sama gildi um erlenda stúdenta eftir 15. mars 2004).
3. Fundnar verði leiðir til að koma í veg fyrir að nemendur skrái sig í námskeið sem þeir mæta svo ekki í.
4. Settar verði hömlur á breytingar á skráningum (verteringar) eftir að kennsla er hafin.
5. Skrásetningargjald verði ekki endurkræft.

3.2 Frumvarp fjármálaráðherra um breytingar á starfsmannalögum, sbr. fund ráðsins 4. desember sl.

- Málið var rætt.

4. Önnur mál

4.1 Breyting á reglum hjúkrunarfræðideildar.

- Rektor veitt heimild til að ganga frá breytingum á reglum deildarinnar á milli funda.

4.2 Umboð vísindanefndar.

- Samþykkt einróma að framlengja umboð vísindanefndar til 31. janúar 2004.

Fleira var ekki gert.
Fundi slitið kl. 15.55